

Breikkun Suðurlandsvegar: Fossvellir – Hólmsá
Hliðarvegur í Lækjarbotnum

Tilkynning um framkvæmdir/Fyrirspurn um matsskyldu

Vegagerðin
September 2021

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Efnisyfirlit

Efni **3**
1 Aðdragandi **4**
2 Um framkvæmdina **5**
3 Skipulag og verndarsvæði **7**
4 Leyfisveitendur **11**
5 Umfang framkvæmda **12**
6 Efnisþörf og efnistaka **14**
7 Áhrif á umhverfisþætti og verndarsvæði **15**
8 Niðurstaða Vegagerðarinnar **18**
9 Lokaorð **19**
Heimildir **20**
Fylgiskjöl **21**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Efni

Vegagerðin tilkynnir fyrirhugaðar framkvæmdir við hliðarveg í Lækjarbotnum og óskar eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, 1. viðauka tölulið 13.02 og 2. viðauka, tölulið 2, lið iii.


Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

1 Aðdragandi

Á undanförnum árum hefur Vegagerðin unnið að breikkun Suðurlandsvegar frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði, með tilheyrandi vegamótum, hliðar- og tengivegum. Markmið framkvæmdanna eru að auka umferðaröryggi og afkastagetu Suðurlandsvegar á umræddu svæði. Aksturssstefnur verða aðskildar, hættulegar tengingar inn á hringveginn aflagðar og umferð beint um hliðarvegi sem tengjast Suðurlandsvegi um öruggari og afkastameiri vegamót.

Mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna fór fram árið 2009. Sama ár gaf Skipulagsstofnun álit sitt á matsskýrslu Vegagerðarinnar og taldi hana uppfylla skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að öllum athugasemdum og umsögnum hefði verið svarað á fullnægjandi hátt.

Skv. samgönguáætlun stendur til að tvöfalda 5,3 km kafla á milli Fossvalla og Hólmsár á árunum 2020-2022 (mynd 1). Fyrri áfangi verkefnisins, Fossvellir – Lögbergsbrekka, er tilbúinn til framkvæmdar og seinni áfanginn, Lögbergsbrekka – Hólmsá, er í hönnun og undirbúningi.



↑ **Mynd 1. Kaflinn sem til stendur að tvöfalda á árunum 2020-2022 skv. samgönguáætlun** (**Hnit verkfræðistofa, 2020**).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

2 Um framkvæmdina

Framkvæmdin sem hér er til umfjöllunar er lagning 1200 m hliðarvegar af gerðinni C7 á milli núverandi vegar að Waldorfskólanum og vegar um Lækjarbotnaland (mynd 2).




↑**Mynd 2. Fyrirhugaður hliðarvegur í Lækjarbotnum sunnan Suðurlandsvegar (Hnit verkfræðistofa, 2021).**

Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta aðgengi að Waldorfskólanum og frístundabyggð í Lækjarbotnalandi eftir að umferð verður hleypt á tvöfaldan Suðurlandsveg á milli Hólmsár og Fossvalla. Samfara tvöföldun Suðurlandsvegar verða akstursstefnur aðskildar og tengingum inn á veginn fækkað í þágu umferðaröryggis. Öllum tengingum í Lögbergsbrekkunni verður lokað og núverandi vegamót við Waldorfskólann munu eingöngu leyfa hægri beygjur að og frá skólanum. Án hliðarvegarins þarf sú umferð sem nú tekur áhættusamar vinstri beygjur inn á Suðurlandsveginn að beygja til hægri og snúa við á Bláfjallavegamótum. Hliðarveginum er ætlað að tengja Waldorfskólann og byggðina í Lækjarbotnalandi við fyrirhuguð Geirlandsvegamót sem lýst er í matsskýrslunni (mynd 3).

Eins og áður sagði var breikkun hringvegarins á milli Hólmsár og Hveragerðis lýst í matsskýrslu árið 2009. Þar var ekki gert ráð fyrir hliðarveginum sem hér er til umfjöllunar. Á 2+2 vegi átti umferð til og frá Waldorfskólanum að fara um ný mislæg Bláfjallavegamót á Fossvöllum og á 2+1 vegi var henni ætlað að fara um núverandi Bláfjallavegamót á Sandskeiði. Mynd 3 sýnir yfirlitsmyndir af 2+1 og 2+2 vegi á þessu svæði eins og þeir eru sýndir matsskýrslu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026



↑**Mynd 3. Yfirlitsmyndir af 2+1 og 2+2 vegi úr matsskýrslu (Efla verkfræðistofa, 2009). Geirlandsvegamót eru í kringum st. 9500. Á 2+2 vegi eru Bláfjallavegamót á Fossvöllum (st. 12.200). Á núverandi 2+1 vegi eru Bláfjallavegamót á Sandskeiði (st. 14.300).**

Þar sem 2+1 vegur varð ofan á í framkvæmdum við breikkun Suðurlandsvegarins á þessu svæði telur Vegagerðin þörf á að tengja Waldorfskólann og byggðina í Lækjarbotnum við fyrirhuguð Geirlandsvegamót með umræddum hliðarvegi. Ekki er talið ásættanlegt til frambúðar að leggja allt að 8 km aukalykkju á leið leik- og grunnskólabarna í eða úr Waldorfskólanum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

3 Skipulag og verndarsvæði

Aðalskipulag Kópavogsbæjar 2012-2024 sem staðfest var af Skipulagsstofnun 2014 gerir ráð fyrir tvöföldun Suðurlandsvegarins og þremur mislægum gatnamótum eða hringtorgum á þeim hluta vegarins sem er innan Kópavogs.


Í greinargerð með aðalskipulaginu er kveðið á um að vinna skuli deiliskipulag af fyrirhuguðum breytingum á veginum frá Hólmsá að Lögbergsbrekku. Deiliskipulagsvinnan er ekki hafin hjá Kópavogsbæ en þyrfti þá að taka mið af þeirri framkvæmd sem hér er til umfjöllunar og tengist tvöföldun Suðurlandsvegarins og fyrirhuguðum Geirlandsvegamótum.

Í greinargerðinni kemur jafnframt fram að gert sé ráð fyrir að Lækjarbotnasvæðið verði deiliskipulagt með áherslu á útvist, skógrækt og náttúruvernd. Í ljósi þess að eitt af meginmarkmiðum byggðastefnu aðalskipulagsins er að styrkja útivist á Lækjarbotnasvæðinu má ætla að bæta þurfi aðgengi að svæðinu samfara tvöföldun Suðurlandsvegarins. Hliðarvegurinn og tenging hans við ný Geirlandsvegamót ættu því að samræmast markmiðum aðalskipulags Kópavogsbæjar.

Í greinargerð með aðalskipulaginu segir „Í Lækjarbotnum er gert ráð fyrir starfsemi Waldorfskólans og svæði fyrir sumarhús sem víkjandi landnotkun“. Orðalagið getur valdið misskilningi en Kópavogsbær hefur tekið af öll tvímæli um framtíð Waldorfskólans í Lækjarbotnum. Góð framtíðartenging við Waldorfskólann samræmist því markmiðum aðalskipulags Kópavogsbæjar.

Mynd 4 sýnir sveitarfélagsuppdrátt Kópavogsbæjar þar sem m.a. má sjá umrætt svæði.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026



↑**Mynd 4. Sveitarfélagsuppdráttur Kópavogsbæjar (Kópavogsbær, 2014). Rauð ör vísar á fyrirhugað framkvæmdasvæði.**

Skv. aðalskipulagi eru eftirfarandi verndarsvæði í Lækjarbotnalandi:

Hverfisverndarsvæði

- HV-16 Túnhóll – Hóll sem stendur vestan Suðurlandsvegar. Á honum er heimagrafreitur, rúst og bæjarstæði.
- HV-17 Botnalækur – Botnalækur í Lækjarbotnum er bæjarverndaður ásamt umhverfi hans og hraunjaðri vestan við lækinn.

Friðlýst svæði

- FS-4 Tröllabörn í Lækjarbotnalandi – Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 294/1983. Stærð 5,0 ha.


Í Lækjarbotnum er jafnframt að finna skógræktarsvæði sem sýnt er á aðalskipulags-uppdráttum:

- SK-2 Lækjarbotnar – Árið 1993 var gerður samningur um ræktun Landgræðsluskóga í Selhólum og er að mestu fullplantað í það svæði. Stærð þess er um 24 ha.

Lækjarbotnar eru enn fremur á fjarsvæði vatnsverndar.

Verndarsvæðin sjást á mynd 5 sem sýnir gildandi aðalskipulag í Lækjarbotnum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026




↑ **Mynd 5. Aðalskipulag í Lækjarbotnum (Kópavogsbær, 2014). Framkvæmdasvæðið nær yfir óbyggð svæði (gul) og skógræktarsvæði (blágræn) á fjarsvæði vatnsverndar (gisnar þverrákir). Áætluð lega hliðarvegarins er sýnd með rauðu á uppdrættinum.**

Árið 2020 kom út skýrsla Fornleifafræðistofunnar, *Fornleifaskráning í upplöndum Kópavogs*. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir skráningu fornleifa í Lækjarbotnum. Mynd 6 sýnir yfirlit yfir skráðar fornleifar á svæðinu. Engar friðlýstar fornleifar er að finna í Lækjarbotnum en skv. lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar.

Við Tröllaborn voru skráð tvö gerði með lítið varðveislugildi (nr. 67 og 68). Á bæjarstæðinu við Túnhól voru skráðar ýmsar minjar með lítið eða talsvert varðveislugildi (nr. 63 og 64:1-5). Þar má nefna bæjarrústir, fjárhús, grafreit, traðir og garða. Umhverfis bæjarstæðið liggur síðan túngarður úr grjóti, 0,7 - 4 m breiður og 0,2 - 0,4 m hár (nr. 64:3). Garðurinn hefur talsvert varðveislugildi skv. skýrslunni. Heildarlengd grjótgarðsins er metin um 700 m af teikningum í skýrslunni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026



↑**Mynd 6. Skráðar fornleifar í Lækjarbotnum (Fornleifafræðistofan, 2020).**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

4 Leyfisveitendur

Fjallað er um leyfisveitendur vegna framkvæmda við breikkun Suðurlandsvegarins í matsskýrslu frá 2009.


- Hliðarvegurinn sem hér er til umfjöllunar er í landi Kópavogsbæjar sem er framkvæmdaleyfisveitandi skv. skipulagslögum nr. 123/2010.
- Framkvæmdin er á fjarsvæði vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið og starfsleyfisskyld af þeim sökum . Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs veitir starfsleyfi vegna framkvæmdanna.

Aðrir leyfisveitendur koma ekki til vegna hliðarvegarins en í ljósi verndarsvæða og fornminja þarf að lágmarki að leita umsagnar Skipulagsstofnunar og Minjastofnunar Íslands, auk Kópavogsbæjar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

5 Umfang framkvæmda

Vegurinn sem um ræðir er um 1200 m langur af gerðinni C7 skv. hönnunarreglum Vegagerðarinnar. Hönnunarhraði vegarins er 50 km/klst. Mynd 7 sýnir kennisnið C7 vega ásamt helstu viðmiðum og reglum sem um þá gilda.



↑ **Mynd 7. Þversnið C7 vegar skv. Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar (2011).**


Vegurinn samanstendur af tveimur 3 m breiðum akreinum með 0,5 m breiðum öxlum. Heildarbreidd vegarins í akbrautarhæð er því 7 m. Akreinar og axlir verða klæddar með bundnu slitlagi.

Framkvæmdin er hefðbundin vegagerð sem felur í sér gerð fyllinga og skeringa þannig að kröfur um burðarþol, langhalla, sjónlengdir og öryggissvæði séu uppfylltar með hliðsjón af hönnunarhraða vegarins. Beggja vegna hliðarvegarins er 4 m breitt öryggissvæði þar sem leyfilegur flái skeringa og fyllinga er 1:3.


Á láglendinu neðan Lögbergsbrekkunnar (st. 0-600) eru engar skeringar og vegfyllingar í lágmarki. Mynd 8 sýnir kennisnið vegarins neðan Lögbergsbrekku. Í neðri hluta Lögbergsbrekkunnar er vegurinn á fyllingu og ofar í brekkunni er syðri akreinin í skeringu á meðan nyrðri akreinin er á fyllingu. Mynd 9 sýnir dæmigert þversnið fyrir þann hluta

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

vegarins þar sem skeringar og fyllingar eru hvað mestar. Umfang fyllinga er að jafnaði mest þar sem vegurinn liggur næst Suðurlandsveginum, þ.e. innan núverandi veghelgunarsvæðis.



Mynd 8. Dæmigert snið hliðarvegarins á láglendinu neðan Lögbergsbrekku (Hnit verkfræðistofa, 2021).



Mynd 9. Dæmigert snið hliðarvegarins þar sem skeringar og fyllingar eru mestar í Lögbergsbrekkunni (Hnit verkfræðistofa, 2021).

Vegurinn liggur í svokölluðum Lækjarbotnum í landi Kópavogsbæjar, sunnan við núverandi Suðurlandsveg. Við hönnun vegarins var leitast við að lágmarka áhrif hans á verndarsvæði, fornminjar og önnur mannvirki á svæðinu en jafnframt að tryggja aðgengi að þeirri starfsemi sem þar er að finna.

Þannig tryggir hliðarvegurinn aðkomu að Lækjarbotnalandi 51 sem að öðrum kosti er í uppnámi þegar núverandi tengingum í Lögbergsbrekkunni verður lokað og ný Geirlandsvegamót tekin í notkun. Vegurinn liggur alfarið utan við náttúruvættið Tröllabörn. Við Túnhól liggur hann eins nærri Suðurlandsveginum og framast er unnt til þess að halda raski á hverfisverndarsvæðinu og skráðum fornminjum í lágmarki. Reynt er að lágmarka áhrif vegarins á Botnalæk sem nýtur hverfisverndar og leitast er við að hlífa skógræktarsvæðinu í Lækjarbotnum eins og mögulegt er.

Vegurinn er á fjarsvæði vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið rétt eins og Suðurlandsvegurinn á þessu svæði. Umfjöllun um áhrif framkvæmda á vatnsverndarsvæðið er að finna í matsskýrslu og því er ekki talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þau hér. Vegagerðin hefur látið vinna áhættumat vegna vatnsverndar fyrir framkvæmdina í tengslum við starfsleyfisumsókn til heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

6 Efnisþörf og efnistaka

Heildarefnisþörf í hliðarveginn er metin innan við 20.000 m^3. Þar af er reiknað með að u.þ.b. 14.000 m^3 komi úr námum.

Efni verður tekið úr viðurkenndum námum í rekstri. Viðurkenndar námur eru námur sem uppfylla skilyrði laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og annarra laga um námavinnslu. Dæmi um viðurkenndar námur í nágrenni við framkvæmdasvæðið eru Kambur við Geirland og Lambafell í Þrengslum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

7 Áhrif á umhverfisþætti og verndarsvæði

7.1 Áhrif á gróðurfar

Skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands samanstendur gróðurfar í Lækjarbotnum að miklu leyti af skógrækt og alaskalúpínu. Nokkurt graslendi er að finna við Túnhól og sunnan Tröllabarna og mólendi þar á milli. Þá eru hraundrýli og klappir á svæðinu að mestu mosavaxin. Mynd 10 sýnir helstu vistgerðir í vegstæðinu.



↑ **Mynd 10. Helstu vistgerðir í vegstæði hliðarvegarins í Lækjarbotnum. Innfellda myndin uppi í hægra horninu er af vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (vistgerdakort.ni.is, tekin 15. 9.2021).**

Allur gróður í vegstæðinu verður fjarlægður og nýttur í yfirborðsfrágang eins og hægt er. Í ljósi staðbundinna áhrifa og almennrar útbreiðslu og algengis vistgerða teljast áhrif framkvæmdanna á gróðurfar óveruleg.

7.2 Áhrif á hljóðvist

Vegagerðin reiknar með að hliðarvegurinn verði mjög fáfarinn (ÁDU < 50). Þá verður hámarkshraði á veginum tiltölulega lágur (50 km/klst). Áhrif hliðarvegarins á hljóðvist í Lækjarbotnum eru því metin óveruleg. Með hliðsjón af nálægðinni við umferðarþunga Suðurlandsvegarins má gera ráð fyrir að hliðarvegurinn hafi engin áhrif á hljóðvist á svæðinu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

7.3 Áhrif á ásýnd

Ólíkt núverandi malarvegi um Lækjarbotnaland verður nýi hliðarvegurinn uppbyggður, tveggja akreina vegur með klæðingu og tilheyrandi vegfláum og öryggissvæðum. Vegurinn verður því meira áberandi í landinu en núverandi vegur. Á láglendinu neðan Lögbergsbrekkunnar (ca. st. 0-600) verður umfang hans í algjöru lágmarki enda lítil þörf fyrir fyllingar og nær engar skeringar. Áhrifin á ásýnd svæðisins teljast engu að síður neikvæð. Þó ber að nefna jákvæð áhrif á rykmyndun þegar umferð í Lækjarbotnum fer í auknum mæli um klæddan veg.

Upp Lögbergsbrekkuna (ca. st. 600-1200) verða fyllingar og skeringar meira áberandi. Sá hluti vegarins þar sem umfang fyllinga og skeringa er hvað mest er fyrst og fremst sýnilegur frá Suðurlandsveginum. Í því samhengi eru áhrif á ásýnd talin óveruleg enda mjög staðbundin við veg þar sem umferðarhraði mikill. Þá ber að nefna að næst Suðurlandsveginum liggur hliðarvegurinn að miklu leyti á eða við eldri vegi sem dregur einnig úr áhrifum hans á ásýnd svæðisins.


7.4 Áhrif á verndarsvæði

Vegagerðin hefur látið ráðgjafa hjá Hnit verkfræðistofu magntaka áhrif framkvæmdanna á verndarsvæði og skógrækt á svæðinu. Þar sem ekki liggja fyrir landupplýsingar um skógræktarsvæðið í Lækjarbotnum var svæðið mælt upp með dróna og skerðing skóglendis metin út frá því. Þar sem ekki lágu fyrir mælingar á grjótgarðinum við Túnhól var hann teiknaður upp eftir skýrslu Fornleifafræðistofunnar frá árinu 2020.

- Hliðarvegurinn hefur engin áhrif á friðlýsta svæðið við Tröllabörn.
- Hliðarvegurinn hefur engin áhrif á skráðar fornleifar við Tröllabörn (nr. 67 og 68).
- Vegurinn liggur meðfram Botnalæk á um 70 m kafla. Við annan enda kaflans verður lækurinn þveraður með ræsi.
- Um 2.700 m^2 af hverfisverndaða svæðinu við Túnhól fara undir fyrirhugaðan hliðarveg. Að auki einangrast tæplega 1.400 m^2 verndarsvæðisins utan vegar.
- Engar fornminjanna innan túngarðsins við Túnhól verða fyrir áhrifum af framkvæmdunum (nr. 63, 64:1,2,4 og 5).
- Um 70 m af friðaða grjótgarðinum umhverfis Túnhól munu raskast við framkvæmdirnar (nr. 64:3).
- Um 4300 m^2 af trjágróðri skerðast vegna vegagerðarinnar. Eins og áður sagði er ekki ljóst hvort sá gróður sé innan skilgreinds skógræktarsvæðis eður ei.

Mynd 10 sýnir afstöðu vegarins til helstu verndarsvæða í Lækjarbotnum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026



↑ **Mynd 11. Lega hliðarvegarins í Lækjarbotnum með hliðsjón af trjárækt, fornminjum og verndarsvæðum (Hnit verkfræðistofa, 2021).**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

8 Niðurstaða Vegagerðarinnar

Í allri sinni starfsemi ber Vegagerðinni að „stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Þá skal stofnunin stuðla að því að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið“. Markmið framkvæmda við breikkun Suðurlandsvegarins lúta fyrst og fremst að umferðaröryggi og afkastagetu. Akreinum verður fjölgað, akstursstefnur aðskildar, vegamótum fækkað og þau gerð öruggari.

Þrátt fyrir að telja megi öruggt að leyfa eingöngu hægri beygjur að og frá Waldorfskólanum með tilheyrandi viðbótarkrók fyrir vegfarendur og þótt sú útfærsla sé í fullu samræmi við matsskýrslu og aðalskipulag Kópavogsbæjar telur Vegagerðin það hvorki stuðla að greiðum og hagkvæmum samgöngum né uppfylla samfélagsleg markmið. Í ljósi þess að umræddir vegfarendur eru fyrst og fremst leik- og grunnskólabörn og með hliðsjón af því að starfsemi Waldorfskólans er hugsuð til framtíðar er ekki talið ásættanlegt að lengja ferðatímann að eða frá skólanum umfram það sem nemur akstri að fyrirhuguðum Geirlandsvegamótum.

Vegagerðin metur umhverfisáhrif framkvæmdanna engin eða óveruleg með hliðsjón af gróðurfari, hljóðvist og verndarsvæðum. Að sama skapi telur Vegagerðin umhverfisáhrif af 10% skerðingu á friðaða grjótgarðinum umhverfis Túnhól óveruleg.

Framkvæmdirnar munu hafa neikvæð áhrif á ásýnd Lækjarbotnalandsins neðan Lögbergsbrekkunnar en jákvæð áhrif á aðgengi að svæðinu og öryggi vegfarenda í ljósi styttri ferðatíma og minni krókaleiða.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

9 Lokaorð

Í samræmi við 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 tilkynnir Vegagerðin hér með fyrirhugaðar framkvæmdir við hliðarveg í Lækjarbotnum. Þar sem vegurinn liggur um verndarsvæði óskar Vegagerðin eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdanna.

Framkvæmdirnar munu hafa óveruleg umhverfisáhrif í för með sér að mati Vegagerðarinnar en verulega jákvæð áhrif á aðgengi og umferðaröryggi á svæðinu.

Ljóst er að leita þarf álits Minjastofnunar Íslands á fyrirhuguðum framkvæmdum vegna nálægðar vegarins við skráðar fornminjar og rasks á friðaða grjótgarðinum umhverfis Túnhól.

Þá þarf að leita álits Kópavogsbæjar á framkvæmdunum vegna bæjarvernduðu svæðanna við Botnalæk og Túnhól.

Þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag á svæðinu gerir Vegagerðin ráð fyrir að sækja um framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags enda framkvæmdin liður í því að uppfylla markmið aðalskipulags Kópavogsbæjar um framtíð Waldorfskólans í Lækjarbotnum og aðgengi að útivist á svæðinu samfara breikkun Suðurlandsvegarins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Heimildir

Efla verkfræðistofa, 2009. *Suðurlandsvegur frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði. Matsskýrsla*, júní 2009.

Fornleifafræðistofan, 2020. *Fornleifaskráning í upplöndum Kópavogs,* apríl 2020.

Hnit verkfræðistofa, 2020. *Hringvegur (1) Fossvellir – Hólmsá, forhönnun*.

Hnit verkfræðistofa, 2021. *Hliðarvegur í Lækjarbotnum, forhönnun.*

Kópavogsbær, 2014. *Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024. Uppdráttur og greinargerð.*

Náttúrufræðistofnun Íslands, 2021. *Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. vistgerdakort.ni.is*, tekin 15. 9.2021

Vegagerðin, 2011. *Veghönnunarreglur, Kafli 02 Þversnið*.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Fylgiskjöl

Yfirlitsmyndir og teikningar frá Hnit verkfræðistofu (2020 og 2021).

Yfirlitsmyndir úr matsskýrslu frá Eflu verkfræðistofu (2009).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026



Skýringar:

Landmælingar: Vegagerðin
Hnitakerfi: ÍSN93 Hæðarkerfi: Landshæðarnet
Loftmyndataka og myndmæling: Loftmyndir ehf.
Flughæð: 3000m
Kortagerð: Vegagerðin Möskvastærð: 10x10m

V:\2020\2XX\2023\08-TEIKNINGAR\07-UPPKAST\B-402 NÝR HLIÐARVEGUR.DWG

F		
E		
D		
C		
B		
A		
△	Breytingar:	Dags.:

RAFTÁKN VERKFRÆÐISTOFA raftakn.is

HNIT VERKFRÆÐISTOFA
Háaleitisbraut 58-60
108 Reykjavík
Sími: 570-0500
hnit@hnit.is
WWW.HNIT.IS

KANON ARKITEKTAR
Laugavegi 26 · 101 Reykjavík · sími 512 4200 · kanon@kanon.is · www.kanon.is

Vegagerðin


Hannað:	Teiknað: GGH	Yfirfarið: GGH
Tölvuskrá: B-402 NÝR HLIÐARVEGUR.DWG		
Dags.: 19.08.2021		

Hringvegur
Fossvellir - Hólmsá

Yfirlitsmyndir
Hliðarvegir ásamt reiðvegi
Tillaga 1 (2201)

Verk nr.: 20238	Frumst. blaðs: A3	Teikn. nr.:
Mkv.: 1:3000		Útg.:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026



Skýringar:

V:\2020\2XX\20238\08-TEIKNINGAR\07-UPPKAST\D-2201-TÚNHÓLL OG TRJÁLUNDUR.DWG


HNIT VERKFRÆÐISTOFA
Háaleitisbraut 58-60
108 Reykjavík
Sími: 570-0500
hnit@hnit.is
WWW.HNIT.IS

Vegagerðin

Hannað: GGH	Teiknað: GGH	Yfirfarið:
Tölvuskrá: D-2201-TÚNHÓLL OG TRJÁLUNDUR.DWG		
Dags.: 30.8.2021		

HRINGVEGUR (1)
Fossvellir - Lögbergsbrekka
Yfirlitsmynd
Við trjálund og túnhól
Valkostur 1

Verk nr.: 20238	Frumst. blaðs: A1	Teikn. nr.:	Útg.:
Mkv.: 1:2500			



Skýringar:

Landmælingar: Vegagerðin
Hnitakerfi: ÍSN93 Hæðarkerfi: Landshæðarnet
Loftmyndataka og myndmæling: Loftmyndir ehf.
Flughæð: 3000m
Kortagerð: Vegagerðin Möskvastærð: 10x10m

V:\2020\2XX\20238\08-TEIKNINGAR\06-TEIKNINGASETT\B-101 AFSTÖÐUMYND.DWG

F		
E		
D		
C		
B		
A		
△	Breytingar:	Dags.:

RAFTÁKN VERKFRÆÐISTOFA raftakn.is
HNIT VERKFRÆÐISTOFA Hæðleitisbraut 58-60 108 Reykjavík Sími: 570-0500 hnit@hnit.is WWW.HNIT.IS
KANON ARKITEKTAR Laugavegi 35 • 101 Reykjavík • sími 512 4200 • kanon@kanon.is • www.kanon.is

Vegagerðin

Hannað:	Teiknað:	Yfirfarið: GGH
Tölvuskrá: B-101 AFSTÖÐUMYND.DWG		
Dags.: 13.11.2020		

Hringvegur
Fossvellir - Hólmsá

Yfirlitsmyndir

Afstöðumynd

Verk nr.: 20238 Frumst. blaðs: A3
Mkv.: 1:20.000

Teikn. nr.: **B-101** Útg.:

Geitháls
Hólmsá
Suðurá
Hraunslóð
Gunnarshólmi
Þjóðvegur 1
Nátthagavatn
Geirland
Lögbergsbrekka
Túnhvammur
Lækjabotnar
Hólmshraun
Waldorfskólinn
Lækjabotnum
N

Skýringar:

Landmælingar: Vegagerðin
Hnitakerfi: ÍSN93 Hæðarkerfi: Landshæðarnet
Loftmyndataka og myndmæling: Loftmyndir ehf.
Flughæð: 3000m
Kortagerð: Vegagerðin Möskvastærð: 10x10m

V:\2020\2XX\20238\08-TEIKNINGAR\06-TEIKNINGASETT\B-102 YFIRLITSTEIKNING.DWG

F			
E			
D			
C			
B			
A			
△	Breytingar:	Dags.:	

RAFTÁKN VERKFRÆÐISTOFA raftakn.is
HNIT VERKFRÆÐISTOFA Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík, Sími: 570-0500, hnit@hnit.is, WWW.HNIT.IS
KANON ARKITEKTAR Laugavegi 26 • 101 Reykjavík • sími 512 4200 • kanon@kanon.is • www.kanon.is

Vegagerðin

Hannað:	Teiknað: GÁH	Yfirfarið: GGH
Tölvuskrá: B-102 YFIRLITSTEIKNING.DWG		
	Dags.: 13.11.2020	


Hringvegur
Fossvellir - Hólmsá

Yfirlitsmyndir


Yfirlitsteikning

Verk nr.: 20238	Frumst. blaðs: A3	Teikn. nr.:	Útg.:
Mkv.: 1:15.000		**B-102**	

Síðast vistað: 13.11.2020



Yfirlitsmyndir úr matsskýrslu frá 2009



Skjal sótt af '000000000' dags: 11.11.2026